

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	5.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti er snýr að skilum á ársyfirliti. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má vera allt að 11.000 tonnum á þremur svæðum, Höfðahúsabót, Eyri/Fagraeldissvæði og Einstigi í Fáskrúðsfirði.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða 2023.
- Umfang 2021, lífmassi og afföll
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð að kvíum

Eitt frávik kom fram við eftirlit 2021 er varðar gagnaskil, gögnum hefur verið skilað með fullnægjandi hætti og er frávikinu því lokað. Tvær ábendingar voru settar fram er snéru að búnaði utan eldissvæðis og varúðamerkinga á maurusýrutanki, bætt hefur verið úr búnaði og varúðamerkingum.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða 2023 var kynnt.

Umfang á árinu 2021 og það sem af er ári 2022 var innan marka starfsleyfis en það heimilar 11.000 tonna framleiðslu á frjóum laxi. Hámarkslífmassi á hverjum tíma er 11.000 tonn og var lífmassi undir mörkum starfsleyfis.

Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist eftirlitsaðila og ekki hafa verið bilanir eða óhöpp frá síðasta eftirliti.

Meltutankur er um borð í fóðurpramma og er notast við maurusýru til að útbúa meltu úr dauðfiski. Sýrubambi um borð í fóðurpramma var í viðeigandi lokuðu skýli sem er með varúðamerkingum. Meltan, 554 tonn, var send til Hordafor í Noregi.

Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna var viðunandi sem og meðhöndlun og geymsla úrgangs, spilliefna og lyfja.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti var ekki skilað fyrir 1. maí, því var skilað 6. október s.l. og er frávikinu því lokað.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

